



Forsætisnefnd

Reykjavík, 14. ágúst 2025

MSS25050140

Umsögn um tillögu Framsóknar í forsætisnefnd um upplýsingaspjald í Ráðhúsi Reykjavíkur um kjörna fulltrúa

Hjálögð umsögn viðburðastjórnar um tillögu Framsóknar í forsætisnefnd um upplýsingaspjald í Ráðhúsi Reykjavíkur um kjörna fulltrúa, dags. 8. ágúst 2025, er lögð fram.

Fyrir hönd viðburðastjórnar

Tinna Garðarsdóttir
formaður

Hjálagt:

Umsögn um tillögu Framsóknar í forsætisnefnd um upplýsingaspjald í Ráðhúsi Reykjavíkur um kjörna fulltrúa, dags. 8. ágúst 2025



Reykjavík



Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 8. ágúst 2025

MSS25050140

UMSÖGN

Umsögn um tillögu Framsóknar í forsætisnefnd um upplýsingaspjald í Ráðhúsi Reykjavíkur um kjörna fulltrúa

Á fundi forsætisnefndar þann 30. maí síðastliðinn var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um upplýsingaspjald í Ráðhúsi Reykjavíkur um kjörna fulltrúa:

Lagt er til að komið verði upp upplýsingaspjaldi í Ráðhúsi Reykjavíkur með upplýsingum um þá fulltrúa sem kjörnir hafa verið í borgarstjórn Reykjavíkur. Markmið spjaldsins er að auka sýnileika og vitund almennings um kjörna fulltrúa, sem og að efla tengsl borgarbúa við lýðræðislega stjórnsýslu borgarinnar. Upplýsingaspjaldið gæti einnig nýst sem fræðsluefni við heimsóknir grunnskóla í Ráðhúsið, þar sem starfsemi borgarstjórnar er kynnt fyrir börnum og unglingum. Lagt er til að byrjað verði með kjörtímabilið 2022–2026 og að spjaldið verði komið upp haustið 2025.

Tillögunni fylgir greinargerð. Tillögunni var vísað til umsagnar viðburðastjórnar Ráðhúss Reykjavíkur með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 27. júlí síðastliðinn.

Umsögn:

Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur leggur til að verði beiðni um upplýsingaspjald um kjörna fulltrúa samþykkt í forsætisnefnd verði útfærslan þannig að upplýsingarnar komi fram á nýuppsettum upplýsingaskjáum á gönguás Ráðhússins. Með því er auðvelt að uppfæra upplýsingar þegar breytingar verða í borgarstjórn. Viðburðastjórn telur upplýsingarnar þannig vera aðgengilegar og þægilegar.

Fyrir hönd viðburðastjórnar

Tinna Garðarsdóttir
formaður



Reykjavík